

Gunnarsholti, 30. júní 2022

Matvælaráðuneytið
Samráðsgáttin/Ísland.is

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum

Þann 23. júní voru birt á samráðsgátt stjórnvalda drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Frestur til að skila umsögn um málið var veittur 30. júní.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Tilgangur fyrirbyggjandi reglugerðar er, skv. 1. gr. hennar, að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar þeirra. Það skal gert með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skuli við að hrossin geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og kostur er. Lágmarkskröfur um einstök atriði koma síðan fram í reglugerðinni.


Landgræðslan tekur enga sérstaka afstöðu til blóðmerahalds almennt, til þess eru aðrir betur bærir. Athugasemd stofnunarinnar er sú ein að mjög brýnt sé að leyfi Matvælastofnunar sé ekki gefið út til blóðtökunnar nema þá aðeins að blóðtökumerarnar hafi aðgang að nægu beitilandi sem og að það beitiland sé í nægjanlega góðu ástandi þannig að velferð og heilbrigð sé tryggt, skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Tilvitnun 3. gr. reglugerðardraganna til 10. gr. reglugerðar nr. 910/2014, sem og p-liður 8. gr. eru vissulega skref í rétta átt en Landgræðslan

Landgræðslan

vill áréttta sérstaklega þá kröfu laga um landgræðslu að allt land, þ.m.t. land sem nýtt er til beitar blóðmera, sé nýtt með sjálfbærum hætti, sjá IV. kafla laga um landgræðslu nr. 155/2018. Þannig er það og þarf að vera óundanþæg krafa að landnýting sé stunduð á sjálfbæran hátt.

Virðingarfyllt

f.h. Landgræðslunnar



Birkir Snær Fannarsson,

lögmaður.